


BREYTING Á DEILISKIPULAGI - GREINARGERÐ


Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem gert var árið 2002 fyrir sumarbústaðabyggð vestan og sunnan bæjartorfunnar í Minni- Mástungu (Lnr. 166582) . Breytingin felst í eftirfarandi atriðum: Lóðir 1, 3 og 5 eru sameinaðar í eina lóð, lóð 1-5. Afmörkun, stærð og notkun færð til samræmis við raunverulega stöðu, lóð fyrir verslun og þjónustu (Lnr. 194721) . Lóðir 2 og 4 eru færðar inn fyrir skipulagsmörk, lóð 2-4 og skilgreindar samkvæmt raunverulegri stöðu, lóð

fyrir verslun og þjónustu (Lnr. 194722) . Lóðir 6 og 7 eru sameinaðar í eina lóð, lóð fyrir íbúðarhús. Engar breytingar eru gerðar á lóðum 8,9,10 og 11, lóðum fyrir frístundahús. Settir eru nýir byggingaskilmálar. Breytingar þessar eru í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016. Þar er tilgreint svæði fyrir verslun og þjónustu (V7) og svæði fyrir frístundabyggð (F29) . Aðkoma að svæðinu er um þjóðveg 329 og heimreiðina að Minni-Mástungu.



GILDANDI DEILISKIPULAG fyrir Minni-Mástungu í Gnúpverjahreppi. Gert í desember 2000. Samþykkt í sveitarstjórn þann 4. apríl 2002.

Í skilmálum kemur fram að um sé að ræða 9 sumarbústaðalóðir. Lóðir 2 og 4 eru utan deiliskipulags.



ÚR AÐALSKIPULAGI SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2004-2016. Ekki í kvarða.



SKÝRINGAR

- Lóðamörk
- Skipulagsmörk
- Byggingarreitir
- [] Fyrirhugað Íbúðarhús
- Vegur

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr 43. gr. Skipulagsbla nr. 123/2010 m.s.br. frá _____ til _____ var samþykkt í sveitastjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann _____

TILLAGA

Samþykkt deiliskipulagsbreytingar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

SKILMÁLAR

LÓÐ 1-5: Lóð fyrir verslun og þjónustu. Heildarbyggingarmagn 1000m².

LÓÐ 2-4: Lóð fyrir verslun og þjónustu. Heildarbyggingarmagn 200m².

LÓÐ 6-7: Lóð fyrir íbúðarhús. Heildarbyggingarmagn 350m². Fyrirhuguð staðsetning íbúðarhúss sýnt til skýringar.

LÓÐIR 8-11: Lóðir fyrir frístundahús. Heildarbyggingarmagn á hverri lóð 100m².

ALMENNT: Mænishæð, þakhalli, form og gerð húsa eru gefin frjáls. Bílastæði skulu vera innan lóðamarka. Lóðamörk og byggingareitir skulu hnitsett með útgáfu lóðablaða við stofnun lóða.

VEITUR: Frárennsli skal leitt í rotþró innan hvarr lóðar eða sameiginlega á milli lóða. Gengið skal frá fráveitum samkvæmt samþykkt um fráveitum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hitaveita er frá Hitaveitu Gnúpverja. Kalt vatn úr vatnsbóli Minni-Mástungu. Tenging við rafmagn um veitukerfi Rarik/Landsnets. Ljósleiðari frá Fjarskiptafélagi

Skeiða- og Gnúpverja. Frágangur og staðsetning heimtauga skal ákveðinn í samráði við viðkomandi veitustofnanir.

ÞJÓNUSTA: Þjónusta slökkviliðs er frá Brunavörnum Árnessýslu. Tæming rotþróa, snjómokstur, skólaakstur og sorphirða er á vegum sveitarfélagsins.

FORNMINJAR: Ekki er vitað um neinar þekktar fornminjar innan skipulagssvæðisins.

UMSAGNARAÐILAR: ...

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR MINNI-MÁSTUNGA

BREYTING Á DEILISKIPULAGI

03. 03. 2017

Mælikvarði 1:2000 á A3

SIGURÐUR U. SIGURÐSSON

